Félag stjórnenda leikskóla
KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla
Bifröst 24. ágúst 2016

Samráðsfundur Félags stjórnenda leikskóla hvetur sveitarstjórnarfólk og ráðamenn í leikskólamálum til þess að nýta sér sérfræðiþekkingu leikskólastjórnenda við ákvarðanatökur um leikskólamál.

Leikskólastjórnendur eru í daglegum tengslum við þá sem nýta leikskóla landsins, og þekkja því vel hvernig leikskólastarfi er best háttað í þágu barna, foreldra og samfélagsins alls. Leikskólastjórnendur stýra og bera ábyrgð á innra starfi leikskóla. Því er mikilvægt að þeir finni fyrir trausti rekstraraðila. Þetta verður best gert með því að stjórnendur leikskólanna séu með í ráðum þegar teknar eru ákvarðanir um ytri ramma leikskólanna. Þetta á ekki síst við um það er varðar þjónustustig og fyrirkomulag leikskóla, Með þessu ætti að sparast bæði tími og fyrirhöfn þegar til lengri tíma er litið.